



Skýrsla stjórnar SUT

Starfsárið 2010 – 2011

Í SUT, Samtökum upplýsingafyrirtækja, sem starfa innan Samtaka iðnaðarins eru nú 50 stór og smá fyrirtæki sem starfa við fjölbreytt verkefni innan upplýsingatækni iðnaðarins.

Innan SI hefur fókúsin verið á tækni- og hugverkaiðnað enda sú stoð atvinnulífsins sem vex hraðast. Þessi fyrirtæki byggja afurðir sínar á þróun, tækni, hönnun og/eða sérstöðu, allt auðlindir sem byggja á þekkingu. SUT er stærstur af sex samstarfsvettvöngum hjá SI sem flokkast undir tækni- og hugverkaiðnað.

Samstarf og samstaða er lykilatriði til að ná athygli og viðurkenningu stjórnvalda á tækni- og hugverkaiðnaði, mikilvægi hans og nauðsynlegum starfsskilyrðum.

ÁR NÝSKÖPUNAR frumkvæði – fjárfesting – farsæld

Árið 2011 hjá SI var tileinkað nýsköpun með það að markmiði að kynna og efla nýsköpun sem leið til endurreisnar í íslensku atvinnulífi og vinna að vegvísi til framtíðar með verðmætasköpun og aukinn útflutning að leiðarljósi. Félagsmenn SUT tóku virkan þátt í þessari vinnu enda er öflug R&D vinna og nýsköpun einkenni fyrirtækja í upplýsingatækni iðnaðinum.

Klasasamstarf á þremur sviðum „Betri þjónusta fyrir minna fé“

Samtök iðnaðarins efndu í nóvember til fundar þar sem fjárlögin voru rýnd með augum nýsköpunar. Tilgangurinn var að skoða hvort hægt væri að sjá tækifæri í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2011 þrátt fyrir niðurskurð. Horft var sérstaklega til útgjalda í mennta-, heilbrigðis-, orku- og umhverfismálum og var verkefnið vistað undir Hátækni- og sprotavettvangnum. Lagt var upp með að verkefni yrðu fjármögðuð með eftirstöðvum iðnaðarmálagjalds og mótförlögum stofnana og fyrirtækja sem tengjast viðkomandi klösum í gegnum Tækniþróunarsjóð. Áframhaldandi fjárveitingar kæmu svo af fjárlögum áráanna 2012 og 2013 ef reynslan af verkefninu yrði jákvæð. Engin hreyfing varð þó á málinu fyrir en við gerð kjarasamninga í maí s.l.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar tengd kjarasamningum 5. maí 2011 kemur fram að efna skuli til klasasamstarfs og efla samkeppnissjóði á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og umhverfismála á grundvelli útfærðra hugmynda Samtaka iðnaðarins.

Verkefnið komst því á áætlun og fjármagn veitt úr Tækniþróunarsjóði skv. markáætlun um þróunarverkefni í samstarfi við opinbera kaupendur á sviði menntamála, heilbrigðismála og orku- og umhverfismála.

Til viðbótar við hefðbundin skilyrði Tækniþróunarsjóðs þarf umsókn að vera í samstarfi opinbers kaupanda sem leggur að lágmarki til 25% af verkefniskostnaði, fyrirtækis sem er réttthafi vörunnar sem leggur til 50% og Tækniþróunarsjóðs sem að hámarki getur lagt til 25% eða 10 millj.kr.

Starfsemi innan klasanna þriggja hefur í megindráttum verið:

Innan **orkuklasans** hefur ráðgjafafyrirtækið Gekon verið leiðandi við mótun jarðvarmaklasa á Íslandi. Þann 4. maí stoð Gekon fyrir vinnustofu um virðisauka í jarðvarma, 28. júní var stofnað til formlegs klasasamstarfs, „Icelandic Geothermal“ og 16. september var haldinn startfundur íslenska jarðvarmaklasans. Megintilgangurinn



er að skapa fyrirtækjadrifinn samstarfsveitvang innan hins íslenska jarðvarmaklasa til frekari framþróunar og vaxtar. Stofnaðilar jarðvarmaklasans eru nú um 50.

Innan **heilbrigðisklasans** stóð SI fyrir stefnumóti fyrirtækja og stofnana á heilbrigðisviði 24. júní s.l.

Tilgangurinn var að efna til og skilgreina samstarfsverkefni ólíkra aðila um betri lausnir fyrir minna fé í íslensku heilbrigðiskerfi. Verkefni sem fela í sér tækifæri til verðmætasköpunar og útflutnings fyrirtækja í greininni. Stefnunótíð var fjölsótt og tókst vel í alla staði.

Innan **menntaklasans** var haldinn kynningarfundur í júlí og síðan stefnumót og upplýsingafundur um tækifæri til nýsköpunar á menntasviði 19. sept. s.l. og voru um 50 manns á fundinum.

Fyrsti umsóknafrestur markáætlunarinnar var 1. nóv. s.l. Alls bárust 21 umsókn, sex í menntaklasann, sex í orkuklasann og níu í heilbrigðisklasann. Tækniþróunarsjóður reiknar með að niðurstaða liggja fyrir í desember.

Enn er mikið verk að vinna við „betri þjónustu fyrir minna fé“ og fjallaði t.d. ein af þingnefndum Tækni- og hugverkabings um þetta mikilvæga verkefni.

UTmessan 2011

UTmessan var haldin í fyrsta sinn 18. og 19. mars s.l. Tilgangurinn er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Að messunni stendur Skýrslutæknifélagið (Ský) í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Microsoft Íslandi og Samtök iðnaðarins. Markmiðið messunnar 2011 var að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins, tengja upplýsingatæknina betur við skólalastar og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs.

Fyrri daginn var ráðstefna fyrir fagfólk í upplýsingatæknigreininni þar sem UT verðlaunin voru m.a. veitt í annað sinn og féllu þau í skaut Reiknistofu bankanna. Seinni daginn var sýning í HR opin almennungi þar sem boðið var upp á örkyrningar á skemmtilegum lausnum og verkefnum.

Undirbúningur að UTmessunni 2012 er þegar hafinn og verður hún haldin fimmtudaginn 9. febrúar.

Samstarf við Íslandsstofu

SUT og Íslandsstofa hafa verið í markvissu samstarfi þar sem lögð er áhersla á þá þætti sem brenna á UT fyrirtækjunum hverju sinni varðandi markaðssókn á erlenda markaði. Að þessu sinni var það í forni fundaraðar um markaðs- og sölumál. Fjallað var um eftirfarandi fjögur efni:

1. Partner-network - 4. nóvember 2010

Microsoft á Íslandi – Halldór Jörgensson, forstjóri

- Hvaða möguleika býður vinna með stærri fyrirtækjum eins og Microsoft upp á?
- Hvernig býður Microsoft fyrirtæki velkomin í samstarf?
- Hvaða ráð er hægt að gefa fyrirtækjum sem eru eða ætla í útflutning?

Reynslusögur:

Jón R. Kristjánsson, framkvæmdastjóri - Men&Mice / Svana Helen Björnsdóttir, forstjóri – Stiki / Aðalsteinn Valdimarsson, framkvæmdastjóri - LS Retail

2. Sölumál – 20. janúar 2011

Að undirbúa sölu erlendis og val á söluleiðum - Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri ESA Consulting



Reynslusögur:

Jón Heiðar Jónsson, framkvæmdastjóri – Maritech / Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri – AGR Nordic / Pétur Pétursson, sölustjóri og stofnandi – Men&Mice

3. Markaðssetning á netinu – 24. mars 2011

Mikilvæg atriði fyrir markaðssetningu á netinu - Ólafur Kr. Ólafsson, Internetráðgjafi, Nordic eMarketing

Reynslusögur:

Friðrik Skúlason, stofnandi FRISK Software / Alexander Eiríksson, markaðsstjóri – SecurStore / Sveinn Hannesson & Jón Alvar Sævarsson – Hugvit

4. Þátttaka í útboðum – 31. maí 2011

Almennt um útboð, mikilvægustu atriðin sem hafa ber í huga - Erna Björnsdóttir, Íslandsstofu

Reynslusögur:

Brynjar Bragason, verkfræðistofan Efla - Reynsla af verkefnum erlendis / Hinrik A. Hansen, Applicon - Reynsla fyrirtækisins af útboðum í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi / Arnþór Þórðarson, VJI Ráðgjöf - Hvar eru útboðsauglýsingarnar og hvernig skal bregðast við þeim?

Framhald verður á samstarfi við Íslandsstofu enda góð reynsla af því. Næsta uppkoma er áætluð 9. desember undir yfirskriftinni „Skrifað í skýin“ og mun fjalla um hvaða möguleikar eru fyrir hendi, hvort og hvernig UT fyrirtæki geta nýtt sér þá.

Hátækni- og sprotavettvangur

Fyrsta samstarfssamningi Hátækni- og sprotavettvangs lýkur um áramótin. Verið er að vinna að endurnýjun á samkomulagi þeirra aðila sem að vettvangnum standa, þ.e. iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti ásamt SI og félagasamtökum innan þeirra; Samtökum sprota-, líftækni-, upplýsingatækni- og nú síðast leikjafyrirtækja.

Á árinu var unnin stefnumótunarvinna sem fjölmargir aðilar komu að. Nánar var unnið úr niðurstöðunum á Tækni- og hugverkabæingum hefur verið haldið annað hvert ár, áður undir heitinum Sprotabæing og Hátækni- og sprotabæing. Nokkur umræða hefur verið um nafngift vettvangsins og var niðurstaðan að heitið „tækni- og hugverkagreinar“ næði betur sem samheiti yfir þau fyrirtæki sem standa að samstarfinu.

Stefnumótun tækni- og hugverkagreina

Stefnumótunarvinnan fór fram á Selfossi 19. og 20. maí og voru þátttakendur c.a. 35. Þar voru sett fram meginmarkmið til ársins 2016 og þær meginforsendur sem þurfa að vera til staðar til að sett markmið náist.

Meginmarkmið – árangur til ársins 2016

- Hugverkaiðnaður - grunnstoð í íslensku atvinnulífi
- Aðlaðandi Ísland - miðstöð „tækni- og hugverkaiðnaðar“
- Jákvæður viðskiptajöfnuður á grunni aukins útflutnings og sjálfbærni

Forsendur – hvað þarf til?

- Nægt framboð á hæfu starfsfólki – „gott fólk gulli betra“
- Fyrirmyndarstarfsumhverfi og stoðkerfi
- Markvisst markaðsstarf – „Inspired by Icelandic Innovation“
- Fjármögnunarumhverfi í fremstu röð



Top átta verkefni

1. Samstarfsvettvangur hugverkagreina – samstarf við stjórnvöld og þing
2. Bætt hagtolugerð hugverkagreina
3. Tækniþróunarsjóður efldur í 4 milljarða - Styrkir til markaðsstarfs erlendis – efling Brúarstyrkja Tækniþróunarsjóðs
4. „Inspired by Icelandic Innovation“ – markaðsstarf erlendis og vitundarvakning um áhrif ímyndar fyrir útflutning (hugverka)
5. Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi – hvatar t.d. í skattkerfinu
6. Efling menntunar í þágu hugverkagreina
7. Skipulög miðlun/markaður hlutabréfa minni fyrirtækja - Skattaafsláttur v. hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum eða -sjóðum
8. Klasaáætlun á lykilsviðum - Ákveðinn hluti (t.d. 2-10%) fastra fjárlaga til heilbrigðis- og velferðamála, menntamála, orku- og umhverfismála, niðurgreiðslna og stuðningsverkefna af ýmsu tagi verði árlega settur í samkeppnissjóði innan viðkomandi sviða þar sem boðin eru út verkefni til að skapa betri þjónustu fyrir minna fé

Þau verkefni sem skoruðu hæst mynduðu grunn að vinnu þingnefnda á Tækni- og hugverkapingi.

Tækni- og hugverkaping 2011 – nýsköpun uppspretta verðmæta

Tækni- og hugverkapingið sem haldið var 7. október er það fjórða í röð sambærilegra þinga sem haldin hafa verið annað hvert ár frá 2005. Tilgangurinn er að koma á beinum samskiptum stjórnenda fyrirtækja og þeirra aðila sem hafa áhrif á starfsskilyrði tækni- og hugverkafyrirtækja á Íslandi, ekki síst þeirra sem fara með löggjafarvaldið. Kjarni þinganna eru þingnefndarfundir, sem að þessu sinni voru níu, þar sem umræða fer fram um afmarkaða þætti í starfsskilyrðum fyrirtækjanna og hvernig megi koma áhersluverkefnum til umbóta í framkvæmd.

Við setningu þingsins talaði forsætisráðherra um að "hugvitið væri næsta stórvirkjun þjóðarinnar", einmitt það sem SUT hefur verið að benda á undanfarin ár.

Verið er að vinna með niðurstöður þingnefndanna. Megináhersla hefur verið á þau málefni sem tengjast mest fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar en ljóst að erfitt er að ná inn viðbótarfjármagni sem er áhyggjuefni, ekki síst varðandi Tækniþróunarsjóð. Það eru þó einnig ánægjulegar fréttir, vonir standa til að við séum loksins að ná árangri í bættri hagtolugerð en skv. upplýsingum frá Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er áætlað að hefja vinnu við „business registry“ á næsta ári og gert ráð fyrir að þeirri vinnu verði að fullu lokið árið 2014.

Þingnefnd 1 – Samstarfsvettvangur hugverkagreina – samstarf við stjórnvöld/þing – eitt atvinnuvegaráðuneyti
Markmið: Tryggja árangursríkt samstarf tækni- og hugverkagreina, stjórnvalda, stoðkerfis og þingmanna með eflingu og markvissri uppbyggingu atvinnulífs að leiðarljósi.

Þingnefnd 2 – Bætt hagtolugerð

Markmið: Gera mögulegt að fylgjast með mikilvægum hagtolum tækni- og hugverkafyrirtækja

Þingnefnd 3 – Tækniþróunarsjóður

Markmið: Árleg fjárframlög í Tækniþróunarsjóð verði kr. 4 milljarðar. Efla Brúarstyrki til markaðs- og kynningarstarfs tækni- hugverkagreina. Hækka styrki og hlutfall úthlutana til góðra verkefna.

Þingnefnd 4 – Menntastefna til stuðnings atvinnustefnu – markvissara iðn- og tækninám



Markmið: Að móta menntastefnu með þarfir atvinnulífsins að leiðarljósi og tryggja fjármagn til að koma henni í framkvæmd. Hafa nægilegt framboð á vel menntuðu fólki. Koma á skipulagi til að safna upplýsingum um þarfir atvinnulífsins í þekkingu. Leysa á næstu þremur árum skammtímapörf fyrir iðn- tæknimenntað starfsfólk.

Þingnefnd 5 – “Inspired by Icelandic Innovation”

Markmið: Skapa jákvæða ímynd bæði innanlands og utan á tækni- og hugverkaiðnaði á Íslandi. Laða fólk, fyrirtæki og fjárfesta til Íslands.

Þingnefnd 6 – Laða hæfileikaríkt fólk til starfa á Íslandi

Markmið: Laða hæfileikaríkt fólk til landsins, leysa þörf fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk, ekki síst Íslendinga búsetta erlendis. Skapa aðstæður sem verða til þess að sérfræðingar og sérhæft starfsfólk hafi áhuga á að flytja til Íslands til að stunda vinnu.

Þingnefnd 7 – Skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum og nýsköpunarsjóðum

Markmið: Bæta aðgengi nýsköpunarfyrirtækja að hlutafé, opna möguleika fyrir einstaklinga og sjóði að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum í traustu, heilbrigðu og virku umhverfi. Koma á skipulögðum hlutabréfamarkaði (uppbyggingarmarkaði) fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

Þingnefnd 8.1 – Klasaáætlun um betri þjónustu fyrir minna fé á sviði orku- og umhverfisláusna, heilbrigðis- og menntamála

Markmið: Hvetja fyrirtæki og stofnanir til samstarfs um að þróa sameiginlega nýjar aðferðir og lausnir sem leiði til betri þjónustu sem geti orðið að útflutningsvöru og lægri útgjalda.

Veita hluta fjárlaga í nýjan farveg, samkeppnissjóðafarveg, þar sem stofnanir þurfa að sækja um fjármagn til að sinna ákveðnum verkefnum. Að skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr sóun í formi fastrar áskriftar á fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs.

Þingnefnd 8.2 – Samkeppnissjóðir um betri þjónustu fyrir minna fé, nýjar aðferðir við gerð fjárlaga

Markmið: Veita hluta fjárlaga í nýjan farveg, samkeppnissjóðafarveg, þar sem stofnanir þurfa að sækja um fjármagn til að sinna ákveðnum verkefnum. Skapa grundvöll og hvatningu fyrir þróun nýrra lausna í þjónustu hins opinbera og draga úr sóun í formi fastra útgjalda í fjárlögum án viðleitni til nýsköpunar og umbótastarfs. Lagt er til að þessi leið verði markvisst inleidd við fjárlagagerð árána 2012 og 2013.

Þingnefnd 9: - Höfuðstöðvar útflutningsfyrirtækja á Íslandi – draga úr áhrifum gjaldeyrishafta á útflutning frá Íslandi

Markmið: Að skapa grundvöll fyrir íslensk fyrirtæki í útflutningi að halda höfuðstöðvum sínum á Íslandi og skapa gjaldeyrstekjur til Íslands.

Um þekkingaskýrslur - kennsluefni

Á aðalfundi SUT 2010 var fjallað um tildrög kennsluefnis um gerð þekkingarskýrslna sem tengist vinnu við að kynna mikilvægi óáþreifanlegra verðmæta og SUT hefur unnið í samstarfi við aðra frá 2002. Verkefnið var í höndum dr. Eggerts Claessen fyrrum formanns stjórnar SUT en hann og Daði Friðriksson stjórnarmaður í SUT stýrðu verkinu.

Þekkingarskýrslan er viðbót við hina árlegu ársskýrslu og lýsir óáþreifanlegum verðmætum fyrirtækisins. Saman gera þessar skýrslur mun betri grein fyrir raunverulegum eignum félagsins og gefa skýrari mynd af framtíðarmöguleikum þekkingarfyrirtækja til tekjumyndunar og vaxtar.



Markmiðið með kennsluefninu er að gefa stjórnendum og starfsfólki fyrirtækja upplýsingar og verkfæri til þess að uppgötva verðmæti í eigin ranni og þannig stuðla að frekari verðmætasköpun og hagnýtingu þeirra verðmæta sem búa í þekkingu og ferlum.

Það hafa orðið tafir á því að kynna efnið betur fyrir félagsmönnum en það verður gert á fundi sem fyrirhugaður er í janúar. Efnið verður aðgengilegt á heimasíðu SI í lok nóvember.

Samstarfsverkefni um breytta verkaskiptingu í upplýsingatæknimálum

SUT hefur haft frumkvæði að samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið þar sem kerfisbundið verði unnið að því að hið opinbera og stofnanir þess skynji og skilji þörfina, mikilvægi og ávinning þess að leita í auknum mæli til einkageirans með úrlausn verkefna á sviði upplýsingatækni, í stað innvistar.

Verkefnið er enn á byrjunarstigi en Orri Hauksson mun fjalla nánar um þetta í erindi sínu á fundinum.

Lokaorð

Mig langar að nefna sérstaklega menntunar- og mannauðsmál en samkvæmt athugunum hjá fyrirtækjum í greininni er skortur á menntuðu verk- og tæknimenntuðu fólki einn stærsti flöskuhálsinn í vexti UT fyrirtækja og því aðkallandi að ná viðtæku samstarfi við bæði skóla og menntayfirvöld til að bæta úr því.

Dropinn holar steinninn. Það er því mikilvægt að SUT haldi áfram að vinna ötullega að ýmsum brýnum verkefnum sem geta skipt sköpum fyrir greinina. Það þarf að leggja aukna áherslu á sýnileika SUT og viðtækari þátttöku fyrirtækja í greininni til að samtakamátturinn verði sannfærandi og skilaboð til ráðamanna þjóðarinnar skýr.

Að lokum þakka ég öllum fyrir gott samstarf og góðan starfsanda á árinu.

Hilmar Veigar Pétursson
forstjóri CCP og formaður stjórnar SUT